

Dalagisting ehf. 75. fundur.

Þriðjudaginn 2. júní 2020 var haldinn stjórnarfundur sem fór fram í gegnum fjarfundabúnað. Fundurinn hófst kl. 10:40.

Mætt voru: Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Anna Berglind Halldórsdóttir, Guðmundur Gunnarsson (kom inn á fund kl. 10:48), Tryggvi Guðmundsson, Pálmi Jóhannsson og Kristján Sturluson.

Eyjólfur Ingvi Bjarnason formaður stjórnar stýrði fundi.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2019.

Reikningurinn staðfestur. Bætt verði inn í áritun skiptingu á hlut búnaðarfélaganna.

2. Ákvörðun um aðalfund.

Aðalfundur félagsins verður haldinn 18. júní kl. 10 á fjarfundi.

3. Mál Arnarlóns gegn Dalabyggð vegna Lauga.

Landsréttur hefur hafnað frávísun málsins að hluta og vísað því aftur til Héraðsdóms Vesturlands.

4. Staða varðandi Laugar, starfsemi og sölufarli.

Engin starfsemi verður í húsnæði Dalagistingar í sumar. Félagið ræður við það á þessu ári með því að ganga á handbært fé. Nokkrir aðilar hafa spurst fyrir varðandi Laugar en engar viðræður farið fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:40.

Fundargerð ritaði Kristján Sturluson.

Fundargerð staðfest í tölvupósti:

Eyjólfur Ingvi Bjarnason, 06.06.2020 kl. 8:47

Pálmi Jóhannsson, 07.06.2020 kl. 15:51

Tryggvi Gunnarsson, 08.06.2020 kl. 8:38

Guðmundur Gunnarson, 09.06.2020 kl. 11:15

Anna Berglind Halldórsdóttir, 09.06.2020 kl. 16:57